

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglnanna orðist svo:

Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:

1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun sem fram fer í verkstjórnar-tilgangi eða til að fylgjast með mætingum og vinnuskilum.
4. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.
5. Sem felur í sér kerfisbundna hljóðritun símtala.

2. gr.

Breyting þessi tekur þegar gildi.

*Persónuvernd, 19. september 2006.*

**Páll Hreinsson** formaður.

*Valur Arnason.*

*Haraldur Briem.*

*Ólafur Garðarsson.*

*Svana H. Björnsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2006